

Sp.

61. Fyrirspurnir.

[56. mál]

I. Til menntamálaráðherra um norrænt sjónvarpssamstarf.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hver er núverandi staða mála varðandi norrænt sjónvarpssamstarf, einkum með tilliti til eftirfarandi:

1. Hafa íslensk stjórnvöld tekið afstöðu til hugmynda um aðild að Telexþætti Nordsat-kerfisins eða til tilboðs Norðmanna um afnot af Eutelsat-sendingum (ECS) til bráðabirgða?
2. Hvernig er háttáð aðild íslenskra stjórnvalda að þeim athugunum sem nú fara fram milli Norðurlandanna varðandi sjónvarpssamstarf?
3. Hvenær gæti þurft að taka skuldbindandi afstöðu um aðild að norrænu sjónvarpssamstarfi og á hvaða stigi yrði málið lagt fyrir Alþingi?

II. Til utanríkisráðherra um málefni El Salvador á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Ef til afgreiðslu kemur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tillaga varðandi málefni El Salvador sem í efnisatriðum er hliðstæð ályktun allsherjarþingsins á s. l. ári, mun þá afstaða Íslands til slíkrar tillögu verða óbreytt frá því sem var á síðasta allsherjarþingi?

III. Til iðnaðarráðherra um lokun járnblendiverksmiðjunnar.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hvað líður könnun á því að loka Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga samkvæmt yfirlýsingum forsætisráðherra?